

Hjálpin mín – fingurspelka

Eftir Sigprúði Jóhannesdóttur

Mig langar til að segja frá snilldar hjálpartæki sem ég nota mikið.

Áður fyrr þrjónaði ég mikið en fljótlega eftir MS-greiningu hætti ég að geta það vegna máttleysis í vinstri hendi. Ég hafði ekki mátt í vísifingri til að halda garninu uppi.

Ég þrjónaði sem sagt ekkert í um 10 ár. Þá var það að hún Kristbjörg, iðjuþjálfri hjá MS Setrinu, benti mér á fingurspelku sem gæti hjálpað mér. Spelkan heldur fingrinum uppi, eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Ég hef nú notað spelkuna í um 8 ár og dugar hún vel ennþá.

Þau eru mörg þrjónastykkin sem hafa orðið til vegna spelkunnar.

Ég get ekki lýst því hvað þetta litla stykki hefur gert mikið fyrir mig.

Gripurinn góði, sem kallast kallast Extension, fæst hjá Stoð í Hafnarfirði og kostar 9.750 kr. Spelkan er í samningi Sjúkratrygginga Íslands um endurgreiðslu kostnaðar vegna hjálpartækja.

